

Ed. 102. Frumvarp til laga [93. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur með lögum nr. 28/1972 ótakmarkaða heimild til sams konar ábyrgðar og hér er farið fram á vegna kaupa á skuttogurum. Sú heimild hefur hins vegar ekki þótt nægileg til að ganga í ábyrgð fyrir skip af því tagi, sem hér um ræðir. Ríkisstjórnin er hins vegar sammála um að styðja beri kaup á 10 fiskiskipum til nóta- og togveiða með því að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.